

Ed.

85. Frumvarp til laga

[59. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Á árinu 1952 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
- Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aorum af kg í stað 1 eyris.
  - Af öllum öðrum vörum með 250% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.
- B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 45% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafla 9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
— 10 — 1—7,	korn, ómalað.
— 11 — 1—12,	mjöl og grjón.
— 17 — 1—6,	sykur.
— 22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
— 24 — 1—9,	tóbak.
— 25 — 10,	salt.
— 27 — 1—4,	kol.
— — 14,	steinolia.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1952 skal heimilt:

- Að fella niður aðflutningsgjöld af:
  - Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
  - Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
  - Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
- Að lækka um helming aðflutningsgjöld af sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár, og að heimta ekki verðtoll af flutningsgjaldi af þessum sykri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er framlenging á ákvæðum laga nr. 106/1950, að öðru leyti en því að 4. gr. laganna er ekki tekin upp í frumvarpið, en í henni eru ákvæði um, að ekki sé heimilt að hækka álagningu á vörur vegna tollhækkana samkv. lögnum. Verðlagseftirlit á flestum vörum, sem frumvarpið tekur til, hefur verið lagt niður, og þykir ekki ástæða til að halda þessu ákvæði varðandi þær vörur, sem enn eru háðar verðlagseftirliti, enda er það á valdi Fjárhagsráðs að hafa hemil á álagningu á tollhækkunar þessar, eftir því, sem ástæða þykir til.